

9. bekkur

Miðpunktur þessa námsárs eru framfarir, byltingar og hvernig tæknilegar uppfirningar á mörgum sviðum breyttu heiminum og samfélögum manna.

Tengsl iðnbyltingar, lýðræðisframfara og heimsviðskipta eru vel til þess fallin að sýna drifkrafta sögunnar. Hin menningarsögulega og tæknilega þróun gegnum byltingar og samspil ríkja frá 1750 til okkar eigin tíma bar með sér bæði kosti og dökkar hliðar. Ævisögur einstaklinga byggja brýr yfir til nemenda sem tengjast þannig upplifun annarrar manneskju.

Þekking og færni gerir einstaklinginn sjálfstæðari og gefur honum tæki til að breyta eigin aðstæðum sem og annarra. Nemendur eru hvattir til að skapa og móta sinn eigin veruleika og til að starfa sjálfir í heiminum. Hvort sem það er að geta hannað og saumað sína eigin skó, ræktað matjurtir eða tekið þátt í félagsmálum, þá snýst þetta um að finna sína eigin stefnu og kraft og nýta hann til að breyta heiminum til hins betra.

Í náttúrugreinum er lögð áhersla á rannsóknarvinnu, tilraunir og líffræði frumunnar, beinagrind mannslíkamans og næringarfræði. Í stærðfræði er unnið áfram með algebru, tölfræði og rúmfræði.

Það er líka tími til að gera mistök og ungt fólk verður að fá tækifæri til þess að taka skref inní veruleika hinna fullorðnu og taka skref út í heiminn. Engu að síður hafa nemendur þörf fyrir hugsjónir sem koma á mikilvægan hátt til móts við hvöt nemenda til að leita æðra markmiðs í lífinu. Það er mikilvægt að sjá stóru myndina og hafa hugrekki til að skapa framtíðarsýn. Miðla þarf umburðarlyndi með tilliti til trúarbragða, mannréttinda, lista, menningar, siða og lífsviðhorfa.

Skorað er á nemendur í hugtakamyndun og meðvitaðri málnotkun. Í ár snýst það um að fá nemendur til að skrifa eigin texta, tjá, rökræða, ræða, lýsa, að læra að nota tungumál meðvitað til að koma hugsunum og tilfinningum á framfæri eða hvetja til aðgerða. Ljóðlist er kjörinn vettvangur til að tjá tilfinningar og heimspekilegar vangaveltur.

Í handverki er unnið með einfalda samsetningu í trésmíði og flík saumuð eftir sniði á saumavél.